

# Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 80 – 26.01.2007

---

Föstudaginn 26. janúar, árið 2007, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 13.00 að Borgarteigi 15 Sauðárkróki.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Einar Gíslason, Páll Dagbjartsson og Pétur Valdimarsson, Páll Pálsson veitustjóri.

## DAGSKRÁ:

1. Hitaveituframkvæmdir út að austan.
2. Önnur mál.

## AFGREIÐSLUR:

Einar Gíslason setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Bragi Þór Haraldsson hjá Verkfræðistofunni Stoð ehf á Sauðárkróki kom á fundinn og fór yfir kostnaðar- og framkvæmdaáætlun við hitaveituna úr Hrolleifsdal í Hofsóss.

Fyrir lá ný hagkvæmnisúttekt á verkinu frá KPMG endurskoðun og tölvupóstur frá Guðna Axelssyni verkefnastjóra hjá ÍSOR varðandi dæluþrófun á holunni í Hrolleifsdal sem stendur undir þeim væntingum sem vonast var til.

Stjórnin samþykkir að framkvæmdatími verksins verði tvö ár og að útboð í efnishluta verksins verði sett í gang.

Einnig samþykkir stjórnin að fela Verkfræðistofunni Stoð ehf að hefja gerð útboðsgagna á vinnulið verksins.

2. Önnur mál

Næsti fundur ákveðinn 14. febrúar nk. Kl. 16.00

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.25

Páll Pálsson ritaði fundargerð (sign)

Einar Gíslason (sign)  
Páll Dagbjartsson (sign)  
Pétur Valdimarsson (sign)

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.  
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.  
This page will not be added after purchasing Win2PDF.